(3)
1+85

823
Rus

KÓNGURINN Í GULLÁ.

EPTIR

JOHN RUSKIN.

Í íslenzkri þýðing eptir

EINAR HJÖRLEIFSSON.

LANDSBÓKASAFN

WINNIPEG.
PRENTSMIDJA LÖGBERGS.
1891.

EFNI.

BLS.

I. KAPÍTULI.—HVERNIG HR. SUÐVESTANVINDURINN SKIPTI SJER AF BÚSKAPARLAGI SVÖRTU BRÆÐRANNA..... 3

II. KAPÍTULI. — FRAMFERÐI BRÆÐRANNA ÞRIGGJA EPTIR KOMU HR. SUÐVESTANVINDARINS; OG HVERNIG GLUCK LITLI NÁÐI TALI AF KÓNGINUM Í GULLÁ..... 32

III. KAPÍTULI.—HVERNIG HANS LAGÐI AF STAÐ TIL GULLÁR, OG HVERNIG HONUM GEKK FERÐIN..... 50

IV. KAPÍTULI. — HVERNIG

SCHWARTZ LAGÐI AF STAÐ TIL GULLÁR, OG HVERNIG HONUM GEKK FERÐIN..... 65

V. KAPÍTULI.—HVERNIG GLUCK LITLI LAGÐI AF STAÐ TIL GULLÁR OG HVERNIG HONUM GEKK FERÐIN; ÁSAMT ÖÐRUM MERKILEGUM ATBURÐUM 73

KÓNGURINN Í GULLÁ; EÐA SVÖRTU BRÆÐURNIR.

EFTIR JOHN RUSKIN.

I. KAPÍTULI.

HVERNIG HR. SUÐVESTANVINDURINN SKIPTI SJER AF BÚSKAPARLAGI SVÖRTU BRÆÐRANNA.

Í afskekktum og fjöllóttum parti af Stiríu var einu sinni í fyrndinni furðulega og dýrðlega frjósamur dalur. Brött og klettótt fjöll lágu að honum á alla vegu; á fjöllunum voru tindar, sem ávallt voru snævi þaktir, og niður frá þeim tindum steyptust margar ár í sífeldum foss-

um. Ein af þessum ám rann vestur af fjöllunum, fram af kletti svo háum, að þegar sólin hafði hvervetna annars staðar gengið undir, og allt fyrir neðan var myrkri hulið, þá skinu geislar hennar enn með fullum krapti á þennan foss, svo að það var eins og hann væri úr gulli. Áin var því af fólki þar í nágrenninu kölluð Gullá. Það var undarlegt að engin af þessum ám skyldi renna ofan í dalinn sjálfan. Þær runnu allar hinum megin ofan af fjöllunum, og liðuðust svo áfram eptir breiðum sljettum og fram hjá mannmörgum borgum. En skýin drógust svo stöðugt að snjóþöktum hæðunum, og hvíldu svo kyrrlátlega í skálinni milli fjallanna, að á þurka- og hita-tímum, þegar allt landið umhverfis sólbrann, þá var regn í litla dalnum; og uppskeran var þar

svo mikil, og grasið svo hátt, og eplin svo rauð, og vínberin svo blá, og vínið svo ríkulegt, og hunangið svo sætt, að allir, sem það sáu, furðuðu sig á því, og dalurinn var almennt kallaður Auðæfadalur.

Allan þennan litla dal áttu þrír bræður, sem hjetu Schwartz, Hans og Gluck. Schwartz og Hans, tveir eldri bræðurnir, voru ljótir menn; augabrýrnar á þeim slúttu fram, og augun voru lítil og leiðinleg, og æfinlega hálf-lokuð, svo að ekki var mögulegt að sjá inn í *þau*, en þar á móti fanst öðrum mönnum, þau sjá langt inn í *sig*. Bræðurnir lifðu á að yrkja Auðæfadalinn, og þeir voru allra-beztu bændur. Þeir drápu allt, sem ekki borgaði sig að gefa að jeta. Þeir skutu þrestina, af því að þeir tíndu upp í sig ávextina; og þeir drápu íglana, til þess að

Þeir skyldu ekki sjúga kýrnar; þeir eitruðu fyrir húsengispretturnar fyrir að jeta mola í eldhúsinu; og þeir upprættu síködurnar, sem vanar voru að syngja allt sumarið á linditrjánum. Þeir ljetu vinnufólk sitt vinna án þess að gjalda því neitt kaup, þangað til það fjekkst ekki til að vinna lengur, og þá jöguðust þeir við það og ráku það burt, án þess að borga því neitt. Það hefði verið undarlegt, ef þeir hefðu ekki orðið ríkir á slíkri jörð og með slíku búskaparlagi, enda *urðu* þeir mjög ríkir. Þeim tókst venjulega að geyma korn sitt, þangað til það var komið í geypi-verð, og að selja það þá helmingi dýrara en það var vert; þeir höfðu hrúgur af gulli liggjandi á gólfunum, en þó vissi enginn maður til þess að þeir hefðu látið svo mikið sem einn eyri eða

eina brauðskorpu af hendi rakna í guðsþakka skyni; þeir fóru aldrei til kirkju; þeir nöldruðu sífellt út af að greiða tíundir; og þeir voru, í stuttu máli, svo miskunnarlausir og illir í skapi, að allir sem eitthvað höfðu átt saman við þá að sælda, uppnefndu þá, og kölluðu þá „Svörtu Bræðurna“.

Yngsti bróðirinn, Gluck, var eins gersamlega ólíkur eldri bræðrum sínum, bæði ásýndum og að skapferli, eins og framast var mögulegt að ímynda sjer eða æskja. Hann var ekki nema tólf ára gamall, ljóshærður, bláeygur og blíður í lund við allar lifandi skepnur. Hann kom sjer, eins og nærri má geta, ekki sjerlega vel saman við bræður sína, eða öllu heldur, þeir komu sjer ekki vel saman við hann. Honum veittist venjulega sá heiður að snúa teinunum, þegar eitthvað var til að

steikja, sem ekki var opt; því að það verður að sýna bræðrunum þá sanngirni, að geta þess, að þeir hjeldu naumast sjálfa sig ríkmannlegar en aðra. Annars var hann vanur að þvo skóna, gólfin, og stundum diskana, og fjekk endrum og sinnum leifarnar á þeim sjer til uppörvunar, og blessunarlega mikið af barsmíði sjer til siðbetrunar.

Þannig leið langur tími. Loksins kom mesta óþurkasumar, og allt gekk á apturfótunum í sveitunum þar í grenndinni. Óðara en heyið var hirt, kom flóð og bar heystakkana ofan til sjávar; vínviðar-teinungarnir hjuggust sundur í smástykki af hagli; kornið sýktist, varð svart og ónýttist. Í Auðæfadalnum einum var öllu óhætt, eins og vant var. Eins og þar var regn, þegar hvergi var regn annars staðar,

þannig var þar sólskin, þegar hvergi var sólskin annars staðar. Allir komu til að kaupa korn þar í dalnum, og jusu bölbænum yfir Svörtu Bræðurna, þegar þeir fóru þaðan. Þeir báðu um það sem þeim sýndist, og fengu það, að undanteknum snauðum mönnum, sem ekki gátu nema beðið beininga; ýmsir þeirra urðu hungurmorða rjett fyrir framan dyrnar hjá bræðrunum, án þess menn skiptu sjer af þeim hið allra minnsta.

Það var komið fram undir vetur, og veður var mjög kalt. Þá bar svo til einn dag, að báðir eldri bræðurnir höfðu farið út; Gluck var skilinn eptir til þess að sjá um steikina, og bræðurnir höfðu lagt blátt bann fyrir, eins og þeir voru vanir, að hann hleypti nokkrum inn eða gæfi nokkrum nokkuð. Gluck

settist niður fast við eldinn, því að hellirigning var, og eldhúsveggirnir voru alls ekki þurrir nje viðfeldnir á að líta. Hann sneri steikarteininum í sífellu, og steikin varð falleg og móleit. „Hvað það er leiðinlegt,“ sagði Gluck við sjálfan sig, „að bræður mínir skuli aldrei bjóða neinum til miðdegisverðar. Jeg er alveg viss um, að þegar þeir hafa jafn-inndælan bita af sauðaketi eins og þennan, og enginn annar hefur svo mikið sem þurran brauðbita, þá mundi það verða þeim til ánægju, að hafa einhvern til að borða hann með sjer.“

Rjett þegar hann var að segja þetta voru tvö högg barin á hússhurðina, þung og hljómlaus, eins og bundið hefði verið utan um dyrahamarinn — líkara gusti en höggi.

„Það hlýtur að vera vindurinn,“

sagði Gluck; „enginn annar mundi þora að berja tvö högg á okkar dyr.“

Nei; það var ekki vindurinn; þarna var aptur barið fast, og undarlegast var það, að það var eins og aðkomumanni lægi mikið á, og væri ekki lifandi vitund hræddur við það sem úr þessu kynni að verða. Gluck fór út að glugganum, lauk honum upp og stakk höfðinu út um hann til þess að sjá, hver þetta væri.

Aldrei hafði hann á æfi sinni sjeð nokkurn mann svo óvenjulegan ásýndum eins og þann sem fyrir utan var. Hann hafði mjög stórt nef, dálítið gulleitt; kinnarnar voru mjög hnöttóttar og mjög rauðar, og þær hefðu getað komið manni til að halda, að hann hefði verið síðustu fjörutíu og átta klukku-

stundirnar að blása í eld, sem ekki hefði viljað lifna; bak við löng, silkimjúk augnahár glömpuðu glaðleg augu; yfirskeggið á honum var í tvöföldum snúningi, líkt og tappatogari, beggja megin við munninn, og hárið, sem var skrítilega móhvítt, náði langt ofan á herðar. Hann var hjer um bil fjögur fet og sex þumlungar á hæð, og hafði á höfðinu keilumyndaða húfu, nær því eins háa eins og hann var sjálfur, skreytta með svartri fjöður eitthvað þriggja feta langri. Frakkalöfin voru ákaflega löng að aftan, nokkuð lík kjóllöfum, að eins miklu, miklu lengri, en það bar ekki mjög mikið á þeim því að maðurinn var yzt fata í afarstórri, svartri, gljáandi skykkju, sem fjell í fellingar miklar; hún hlaut að hafa verið allt of síð handa honum í logni, því að vind-

urinn, sem bljes kring um gamla húsið, stóð í hana og hjelt henni beint aptur af herðunum, og var hún hjer um bil fjórum sinnum lengri en maðurinn sjálfur.

Gluck varð svo algerlega steinhissa á að sjá þennan aðkomumann, sem var svo einkennilegur ásýndum, að hann stóð um stund grafkyrr, án þess að fá komið upp nokkru orði. Svo lamdi gamli maðurinn aptur að dyrum, enn dugnaðarlegar en áður, og sneri sjer því næst við til þess að gæta að skikkjunni sinni, sem lamdist aptur af honum. Um leið og hann gerði það, kom hann auga á litla, gula höfuðið á Gluck, sem sat rígfast í glugganum, með galopinn munn og bísperrt augu.

„Sæll vert þú!“ sagði litli maðurinn; „þetta er ekki rjett aðferð til þess að taka á móti gestum;

jeg er blautur; lofaðu mjer inn.“

Það var satt, sem litli maðurinn sagði, hann *var* blautur. Fjöðrin hans hjekk niður á milli fóta hans líkt og skottið á hvolpi, sem barinn hefur verið, og það lak af henni eins og af regnhlíf; og frá endunum á yfirskegginu á honum rann vatnið ofan í vestisvasa hans, og upp úr þeim aptur líkt og myllulækur.

„Jeg bið yður afsökunar,“ sagði Gluck, „mjer þykir mjög mikið fyrir því, en jeg segi það satt, jeg get það ekki.“

„Hvað geturðu ekki?“ sagði gamli maðurinn.

„Jeg get ekki hleypt yður inn — jeg segi það satt, jeg get það ekki; bræður mínir mundu berja mig dauðan, ef mjer dytti nokkuð

slíkt í hug. Hvað er það sem þjer viljið?“

„Hvað er það sem jeg vil?“ sagði gamli maðurinn önuglega, „jeg vil fá hita og húsaskjól; og þarna hafið þið stóran eld, blossandi, brakandi og dansandi á veggjunum, og enginn maður finnur neitt til hans. Lofaðu mjer inn, segi jeg; jeg bið ekki um annað en fá að verma mig.“

Gluck hafði nú svo lengi haldið höfðinu út úr glugganum, að honum fór að verða óþægilega kalt; og þegar hann sneri sjer við, og sá blessaðan eldinn, snarkandi og brakandi, teygja langar tungur upp eptir skorsteininum, eins og hann væri að sleikja út um við að finna góðu lyktina af sauðarlærinu, þá komst hann við af að hugsa til þess að eldurinn skyldi brenna þarna

án þess nokkur maður hefði gott af. „Hann er *ósköp* blautur“, sagði Gluck litli; „jeg ætla bara að lofa honum að vera inni eitt kvartjer“. Svo sneri hann sjer við að dyrunum og lauk þeim upp; og um leið og litli maðurinn steig inn af þröskuldinum fór vindgustur gegnum húsið, svo að gamli skorsteinninn skalf.

„Þú ert góður drengur“, sagði litli maðurinn. „Kærðu þig ekkert um bræður þína. Jeg skal tala við þá“.

„Í öllum bænum, gerið þjer ekki það“, sagði Gluck. „Þjer megið ekki tefja þangað til þeir koma; þeir gerðu út af við mig þá“.

„Hamingjan góða“, sagði gamli maðurinn, mjer þykir fyrir að heyra það. Hvað má jeg standa lengi við?“

„Ekki nema meðan jeg er að steikja ketið“, svaraði Gluck, „og það er orðið mikið steikt“.

Gamli maðurinn gekk inn í eldhúsið og settist niður fast við eldinn; húfan hans náði langt upp í reykháfinn, því að hún var allt of há fyrir þakið.

„Þjer þornið bráðum þarna“, sagði Gluck og settist niður við að snúa sauðaketinu. En gamli maðurinn þornaði *ekki*, heldur draup af honum í einni sífellu ofan í glæðurnar, og eldurinn snarkaði og spýtti frá sjer, og fór að verða æði dökkur og vesaldarlegur. Slík og þvílík kápa! Það streymdi úr hverri einustu fellingu á henni líkt og úr þakrennu.

„Fyrirgefið þjer“, sagði Gluck loksins, eptir að hann hafði einn fjórðung stundar horft á vatnið

breiðast út yfir gólfið í löngum, kvikasilfurslegum lækjum; „má jeg ekki taka við kápunni yðar?“

„Nei, þakka þjer fyrir“ sagði gamli maðurinn.

„Húfunni yðar?“

„Það fer vel um mig eins og jeg sit hjer, þakka þjer fyrir“, sagði gamli maðurinn fremur hryssingslega.

„En—en—mjer þykir leiðinlegt að segja það“, sagði Gluck stamandi; „en það er alveg satt— þjer eruð—að—slökkva eldinn“.

„Þú verður þá því lengur að steikja ketið“, svaraði gesturinn þurrlega.

Gluck var í standandi vandræðum með að botna nokkuð í atferli gests síns, hann var ýmist svo þurrlegur, ýmist svo auðmjúkur. Hann

sneri sjer frá karlinum einar fimm mínútur og var hugsi.

„Það er fallegt sauðaket, þetta“, sagði gamli maðurinn loksins. „Geturðu ekki gefið mjer ofurlítinn bita?“

„Það er mjer ómögulegt“, sagði Gluck.

„Jeg er ósköp svangur“, hjelt gamli maðurinn áfram; „jeg fjekk ekkert að borða í gær, og hef ekki heldur fengið neitt í dag. Það er ómögulegt, að þeir sæju eptir því, þó þú gæfir mjer bita, þarna af liðnum!“

Það var svo mikill sorgarkeimur í rómnum, að Gluck sárkenndi í brjósti um hann.

„Þeir lofuðu mjer einni sneið í dag“, sagði hann; „jeg get gefið yður hana, en ekki lifandi vitund meira“.

„Þú ert góður drengur“, sagði gamli maðurinn aptur.

Gluck vermdi þá disk og brýndi hníf. „Jeg kæri mig ekki, þó jeg verði barinn fyrir það“, hugsaði hann með sjer. Rjett þegar hann var að ljúka við að skera stóra sneið af ketinu, var afarmikið högg barið á dyrnar. Gamli maðurinn stökk upp frá arninum, eins og sætið hefði allt í einu orðið óþægilega heitt. Gluck felldi sneiðina aptur að ketinu með framúrskarandi mikilli nákvæmni, og hljóp svo að hurðinni til þess að ljúka henni upp.

„Hvers vegna lætur þú okkur bíða úti í regninu?“ sagði Schwartz um leið og hann kom inn, og fleygði regnhlífinni framan í andlitið á Gluck.

„Já! hvers vegna gerirðu það,

húsgangspíslin þín?“ sagði Hans, og rak honum löðrung um leið; hann kom inn á eptir bróður sínum.

„Hamingjan hjálpi mjer!“ sagði Schwartz, þegar hann lauk upp eldhúshurðinni.

„Amen!“ sagði litli maðurinn; hann hafði tekið ofan húfuna, stóð á miðju eldhúsgólfinu og hneigði sig þar ótt og títt.

„Hver er þetta?“ sagði Schwartz, tók upp brauðkefli og sneri sjer að Gluck heldur ygldur á svipinn.

„Jeg veit sannarlega ekki, bróðir minn“, sagði Gluck dauðhræddur.

„Hvernig komst hann inn?“ grenjaði Schwartz.

„Bróðir minn góður“, sagði Gluck auðmýktarlega, „hann var svo *ósköp* blautur!“

Brauðkeflið var á leiðinni ofan

á höfuðið á Gluck; en á sama augnabliki brá gamli maðurinn keilumynduðu húfunni sinni fyrir höggið, og keflið lamdist svo hart í hana, að allt vatnið hrisstist úr henni út um herbergið. En jafnframt vildi svo undarlega til, að jafnskjótt sem keflið snart húfuna flaug það út úr hendinni á Schwartz, snerist eins og strá í hvassviðri og datt niður í horni á þeim enda herbergisins, sem fjær þeim var.

„Hver eruð þjer, kunningi?“ spurði Schwartz herralegur, og sneri sjer að honum.

„Hvaða erindi eigið þjer?“ urraði í Hans.

„Jeg er fátækt gamalmenni“, tók litli maðurinn til máls, ofboð auðmjúkur; „jeg sá eldinn ykkar inn um gluggann, og jeg mæltist

til að fá húsaskjól einn fjórðung stundar“.

„Gerið þjer þá svo vel að fara út aptur“, sagði Schwartz. „Við höfum alveg nóg af vatni hjer í eldhúsinu, þó við gerum það ekki að þerrihúsi“.

„Það er nokkuð kalt í dag til að reka gamlan mann út; lítið þið á gráa hárið á mjer“. Það hjekk niður á axlirnar á honum, eins og jeg hef áður sagt ykkur.

„Já!“ sagði Hans, „það getur skýlt yður, það er ekki svo lítið. Farið þjer út!“

„Jeg er ósköp, ósköp svangur; gætuð þjer ekki sjeð af brauðbita handa mjer áður en jeg fer?“

„Brauð—ekki nema það þó!“ sagði Schwartz; „haldið þjer, að við höfum ekkert annað að gera við

okkar brauð, en að gefa það öðrum eins rauðnefjum og yður?“

„Hvers vegna seljið þjer ekki fjöðrina yðar?“ sagði Hans fyrirlitlega. „Út með yður!“

„Ofurlítinn bita“, sagði gamli maðurinn.

„Út!“, sagði Schwartz.

Verið þið nú góðir, herrar mínir“.

„Út og látið hengja yður!“ brópaði Hans og tók í kragann á honum. En jafnskjótt og hann suart kraga gamla mannsins, þaut hann af stað á eptir brauðkeflinu, og snerist í hring í sífellu, þangað til hann datt ofan á það í horninu. Þá varð Schwartz reiður mjög, rauk í gamla manninn og ætlaði að fleygja honum út; en það fór sem fyrr, hann hafði naumast komið við karlinn, þegar hann lagði af stað á

eptir Hans og brauðkeflinu; hann rak höfuðið á sjer í vegginn um leið og hann steyptist niður í horninu. Og svo lágu þau þar öll þrjú.

Svo fór gamli maðurinn sjálfur að snúast með áköfum hraða í hina áttina; hann hjelt áfram að snúast, þangað til síða skykkjan hans hafði öllsömun vafizt fallega utan um hann; svo smellti hann húfunni á höfuðið á sjer, og ljet hana sitja mjög mikið úti í annari hliðinni (því að beint upp af höfðinu gat hún ekki staðið nema með því að fara gegn um loptið), sneri upp á tappatogara yfirskeggið á sjer, og svaraði með einstakri stillingu: „Herrar mínir, verið þið nú blessaðir og sælir. Klukkan tólf í nótt ætla jeg að koma aptur; eptir aðrar eins ógestrisnis-viðtökur eins og jeg hef nú orðið fyrir hjá ykkur,

mun ykkur ekki furða á því, þó að það verði í síðasta sinni, sem jeg heimsæki ykkur“.

„Nái jeg nokkurn tíma í yður hjer aptur“, tautaði Schwartz, og kom hálfskelkaður út úr horninu— en áður en hann gat lokið við setninguna, hafði gamli maðurinn lokað húshurðinni á eptir sjer með miklum smelli; og í sama augnabliki rauk rosalegur skýflóki fram hjá glugganum, og snerist og veltist fram dalinn í allskonar myndum, steypti sjer hvað eptir annað kollhnísu í loptinu, og leystist að lokum upp og varð að regngusu.

„Það er heldur laglega af sjer vikið, þetta, lagsmaður!“ sagði Schwartz við Gluck. „Gerðu svo vel og berðu sauðaketið á borð. Ef jeg kemst að því, að þú ferð eins

að ráði þínu aptur—hvað er þetta, það hefur verið skorið í ketið!“

„Þú manst það víst, bróðir, að þú lofaðir mjer einni sneið“, sagði Gluck.

„Einmitt það! og þú munt hafa ætlað að skera hana af meðan ketið var heitt, til þess að ná allri sósunni. Það verður langt þangað til jeg lofa þjer nokkru slíku. Farðu út, lagsmaður; og gerðu svo vel að bíða í kolakjallaranum þangað til jeg kalla á þig“.

Gluck fór út úr herberginu, og var í fremur daufu skapi. Bræðurnir átu eins mikið af ketinu eins og þeir gátu, lokuðu svo afganginn inn í skápnum, og fóru svo að fá sjer í staupinu og urðu blindfullir.

Slíkt og þvílíkt kveld! Grenj-

andi stormur og hellirigning, án þess nokkurn tíma væri hlje á. Þó að bræðurnir væru drukknir, höfðu þeir vit á því að loka öllum hlerum og hleypa tveim lokum fyrir hurðina áður en þeir fóru að hátta. Þeir voru vanir að sofa í sama herberginu. Þegar klukkan sló 12, vöknuðu þeir báðir við afarmikið brak. Hurðinni var hrundið upp með slíkum ofsa-látum, að allt húsið ljek á reiðiskjálfi.

„Hvað er þetta?“ hrópaði Schwartz og spratt upp í rúminu.

„Það er ekki nema jeg“, sagði litli maðurinn.

Báðir bræðurnir settust upp við olboga og störðu út í myrkrið. Herbergið var fullt af vatni, og við daufan tunglsgeisla, sem lagði inn um gat á gluggahleranum, sáu þeir í miðju herberginu afarstóran pokuhnött, sem snerist í hring í sífellu og skolaðist fram og aptur líkt og korktappi, og á þokuhnettinum hvíldi, eins og á dýrlegasta legubekk, litli karlinn, með húfuna sína á höfðinu og í öllum fötunum. Nú komst húfan vel fyrir, því að þakið var allt á braut.

„Mjer þykir fyrir að gera ykkur ónæði“, sagði gesturinn háðslega. „Jeg er hræddur um að rúmið ykkar fari að verða nokkuð rakt; það kynni að vera betra fyrir ykkur, að fara inn í herbergi bróður ykkar; jeg hef látið loptið þar vera“.

Þeir þurftu ekki að fá frekari bendingar í þessu efni, heldur þutu inn í herbergi Glucks, gegnblautir og dauðhræddir.

„Þið finnið nafnspjaldið mitt á eldhúsborðinu“, kallaði gamli mað-

urinn á eptir þeim. „Munið eptir, að þetta er í *síðasta* skipti, sem jeg kem“.

„Drottinn gefi. að það verði!“ sagði Schwartz nötrandi. Og svo hvarf þoku-hnötturinn.

Að lokum birti af degi, og bræðurnir tveir litu um morguninn út um litla gluggann á herbergi Glucks. Auðæfadalurinn var ein rúst og eyðimörk. Flóðið hafði sópað burt trjám, korngróða og kvikfjenaði, og skilið eptir í þess stað rauðan sand og gráa leðju. Bræðurnir skriðu nötrandi og utan við sig af skelfingu inn í eldhúsið. Vatnið hafði flutt með sjer allt, sem á neðsta loptinu var; korn, peningar, nálega hver einasti hræranlegur hlutur hafði sópazt burt, og ekkert var eptir, nema ofurlítið hvítt

spjald á eldhúsborðinu Á það voru ritað, með stórum, óreglulegum stöfum með löngum dráttum, orðin:

Hr. Suðvestan=
vindurinn

II. KAPÍTULI.

FRAMFERÐI BRÆÐRANNA ÞRIGGJA EPTIR KOMU HR. SUÐVESTANVINDARINS; OG HVERNIG GLUCK LITLI NÁÐI TALI AF KÓNGINUM Í GULLÁ.

Hr. Suðvestanvindurinn stóð við það sem hann hafði sagt. Eptir þessa skyndilegu komu sína, sem að framan er frá skýrt, kom hann aldrei framar í Auðæfa-dalinn; og, það sem verra var, hann hafði svo mikil áhrif á frændur sína, Vestanvindana alla sama., og notaði þau áhrif svo afdráttarlaust, að þeir fóru allir að eins og hann. Þannig kom

enginn regndropi í dalinn allt liðlangt árið. Þó að allt væri grænt og blómlegt á sljettunum fyrir neðan, hjelt arfleifð bræðranna þriggja áfram að vera eyðimörk. Þar sem áður hafði verið frjósamasti jarðvegurinn í konungsríkinu, voru nú rauðar sandhrúgur, sem feyktust fram og aptur. Þegar bræðurnir gátu ekki lengur þreytt við tíðarfarið, yfirgáfu þeir sína einskisverðu föðurleifð í örvæntingu, og fóru að leita sjer atvinnu í bæjunum og hjá fólkinu á sljettunum. Allir peningar þeirra voru farnir, og þeir áttu ekkert eptir, nema nokkra skrítna borðbúnaðarmuni úr gulli og með gamalli gerð, og voru það síðustu leifarnar af þeirra illa fengna auð.

„En að við verðum gullsmiðir?“ sagði Schwartz við Hans, þegar þeir

komu inn í stóru borgina. „Það er góð atvinna fyrir þorpara; við getum látið töluvert af eir í gullið án þess nokkur verði þess var.“

Þeim kom saman um, að þetta væri ágætt ráð; þeir leigðu sjer bræðsluofn og gerðust gullsmiðir. En það voru tvö smáatriði, sem höfðu áhrif á atvinnu þeirra; annað var það, að fólki gazt ekki að eirblandna gullinu; hitt var það, að hvenær sem bræðurnir höfðu selt nokkuð, voru þeir vanir að fela Gluck litla á hendi að annast bræðsluofninn, og fara sjálfir og drekka upp peningana í veitingahúsinu, sem var rjett við hliðina á þeim. Svo bræddu þeir allt sitt gull, án þess þeir græddu nóga peninga til að kaupa meira af því, og að lokum áttu þeir ekki eptir nema eina stóra drykkjarkönnu, sem föðurbróð-

ir Glucks litla hafði gefið honum; Gluck þótti undur vænt um hana, og mundi ekki hafa viljað farga henni fyrir allan veraldarinnar auð, þó að hann drykki aldrei annað úr henni en mjólk og vatn. Kannan var einstaklega skrítin. Handarhaldið var tveir flaksandi gullhárslokkar, svo vel gerðir, að þeir voru líkari silki en málmi, og þessir lokkar runnu saman við alskegg, sem fyrir neðan þá var. Það var sama snilldar-gerðin á skegginu, og lá það, eins og umgjörð, utan um ofurlítið, einstaklega harðlegt andlit, úr því rauðasta gulli, sem unnt var að hugsa sjer. Augun í andlitinu virtust bera allt annað umhverfis ofurliði. Það var ómögulegt að drekka svo úr könnunni, að mönnum fyndist ekki þessi augu stara fast á sig; og Schwartz stóð

á því fastara en fótunum, að einu sinni, þegar hann hafði seytján sinnum tæmt hana fulla af Rínarvíni, hefði hann sjeð andlitið depla augunum! Þegar að könnunni var komið, og það átti að fara að búa til teskeiðar úr henni, varð aumingja Gluck litli yfirkominn af harmi; en bræðurnir gerðu ekki nema hlæja að honum, fleygðu könnunni í deiglúna og stauluðust út í veitingahúsið og fólu Gluck á hendi, eins og þeir voru vanir, að búa til stangir úr gullinu, þegar bræðslunni væri lokið.

Þegar þeir voru farnir, leit Gluck á vin sinn í deiglunni, til þess að kveðja hann í síðasta sinn. Flaksandi hárið var allt farið; ekkert var eptir, nema rauða nefið og fjörlegu augun, sem nú sýndust enn mannvonzkulegri en nokkru sinni

áður. „Og það er engin furða“, sagði Gluck við sjálfan sig, „þegar svona er með hann farið.“ Hann labbaði dapur í hug út að gluggganum, og settist þar niður til þess að anda að sjer hreinu kveldloptinu og sleppa við hitasvækjuna, sem af bræðsluofninum stóð. Nú vildi svo til, að úr þessum glugga blöstu við fjallaraðirnar, sem voru uppi yfir Auðæfa-dalnum, eins og jeg hef áður sagt ykkur, og sjerstaklega sást greinilega hamarinn, sem Gullá steyptist ofan af. Þetta var rjett fyrir dagsetrið, og þegar Gluck settist niður við gluggann, sá hann hamrana í fjallatindunum alla lifrauða og purpurarauða af sólseturs-geislunum; og umhverfis hamrana titruðu glóandi skýjatungur; og áin, sem fegri var en allt annað, skall þar fram af hömrun-

um, og var líkast því sem þar stæði óstöðug súla úr skíru gulli, og lá tvöfaldur bogi af breiðum, purpurarauðum regnboga þvert yfir fossinn, og ýmist roðnaði eða fölnaði í úðanum.

„Ó!“ sagði Gluck upphátt, eptir að hann hafði horft á þetta dálitla stund, „hvað það væri ágætt, ef þessi á væri í raun og veru úr gulli.“

„Nei, það væri ekki ágætt, Gluck“, sagði málmskær rödd rjett við eyrað á honum.

„Hamingjan góða! hvað var þetta?“ hrópaði Gluck og spratt upp úr sætinu. Þar var enginn kominn. Hann leit í kring um sig í herberginu, undir borðið, og ó-köp opt aptur fyrir sig, en þar var sannarlega enginn lifandi maður, og hann settist aptur við glugg-

ann. Í þetta skipti sagði hann ekkert, en hann gat ekki annað en farið að hugsa um það aptur, að einstaklega væri það hagfellt, ef áin væri í raun og veru öll úr gulli.

„Alls ekki, drengur minn“, sagði sama röddin, hærra en áður.

„Hamingjan góða!“ sagði Gluck aptur, „hvað *er* þetta?“ Hann leit aptur inn í öll horn og alla skápa, og svo fór hann að hringsnúast eins hart eins og hann gat í miðju herberginu, því að hann hjelt að einhver væri fyrir aptan sig. Þá kvað aptur sama röddin við í eyranu á honum. Nú söng hún einstaklega gladlega „Lala-líra-la“; engin orð heyrðust, ekkert nema lipurt, freyðandi sönglag, dálítið líkt og heyrist í kötlum, þegar komið er að suðu. Gluck leit út um gluggann. Nei, það var áreiðan-

lega inni í húsinu. Hann þaut upp á lopt og ofan í kjallara. Nei, það var áreiðanlega einmitt í herberginu, sem hann hafði verið í, og söngurinn fór með hverju augnabliki að verða hraðari og tónarnir skýrari: „Lala-líra-la“. Allt í einu fannst Gluck söngurinn láta hærra í eyrum nálægt bræðsluofninum. Hann hljóp að ofnhurðinni og leit inn; já, það var rjett, sem honum hafði fundizt; söngurinn virtist koma ekki að eins út úr ofninum, heldur út úr deiglunni. Hann tók lokið af henni, og hrökk aptur á bak lafhræddur, því að það var engum blöðum um það að fletta, deiglan var farin að syngja. Hann staðnæmdist í því horninu á herberginu, sem lengst var frá ofninum, hjelt höndunum upp yfir höfuð sjer og stóð með munninn galopinn

eina eða tvær mínútur; þá hætti söngurinn, og röddin varð skýr og herraleg.

„Holló!“ sagði röddin.

Gluck svaraði engu.

„Holló! drengur minn, Gluck“, sagði deiglan aptur.

Gluck herti upp hugann allt hvað hann gat, gekk beint að deiglunni, dró hana út úr ofninum og leit niður í hana. Gullið var allt bráðið, og það var eins sljett og áferðarfallegt eins og vatnið í lækjarsprænu. Gluck bjóst við að sjá litla höfuðið á sjer speglast í deiglunni, þegar hann leit niður í hana; en í þess stað sá hann niðri í gullinu rauða nefið og hvössu augun, sem vinur hans á könnunni hafði haft, en þúsund sinnum rauðari og hvassari en hann hafði nokkurn tíma á æfi sinni fyrr sjeð þau.

„Heyrðu, Gluck, drengur minn“, sagði röddin í deiglunni aptur, „það gengur ekkert að mjer; helltu mjer úr deiglunni.“

En Gluck var of forviða til þess að hann gæti nokkuð að hafzt.

„Helltu mjer úr deiglunni, segi jeg“, sagði röddin fremur önuglega.

En Gluck gat ekki hrært legg nje lið.

„*Ætlarðu* ekki að hella mjer úr deiglunni?“ sagði röddin, og var auðheyrð geðshræring í henni; „mjer er of heitt.“

Það var ákafleg áreynsla fyrir Gluck að ná sjer svo aptur, að hann gæti hrært sig hið minnsta, en samt tókst honum það; svo tók hann deigluna og hallaði henni í því skyni að hella gullinu úr henni. En í staðinn fyrir fljótandi gullstraum komu fyrst út ofurlitlir gul-

ir fætur, svo handleggir með höndunum stungnum í síðurnar, og að lokum andlit vinar hans á könnunni, sem honum var svo einkar kunnugt. Og þegar allir þessir líkamspartar voru oltnir út úr deiglunni í einni heild, stóðu þeir rösklega upp þar á gólfinu og var þá kominn þar dálítill gullslitur dvergur, hjer um bil hálft annað fet á hæð.

„Rjett er nú það!“ sagði dvergurinn, teygði fyrst úr fótunum, þar næst úr handleggjunum, og skók svo höfuðið fram og aptur og sneri því eins mikið út á hliðarnar eins og hann gat einar fimm mínútur í sífellu; hann virtist gera það í því skyni, að fá að vita vissu sína um það, hvort hann væri alveg rjett skeyttur saman; Gluck stóð og horfði á hann steinþegjandi og agndofa. Hann var klæddur í skikkju

úr spunnu gulli, með löngum rifum á handleggjum og mjöðmum eptir fornri tízku, og var vefnaðurinn svo fagur, að litirnir glömpuðu á honum uppleystir líkt og á perlumóður; og ofan á þessa glæsilegu skikkju fjell hárið og skeggið hálfa leið niður til jarðar, í hrynjandlokkum, og var það hvorttveggja svo framúrskarandi smágert, að Gluck gat naumast sjeð, hvar það endaði; það var eins og það rynni saman við loptið. En drættirnir í andlitinu voru ekki eins smágerir; andlitið var fremur hrottalegt, ofurlítið eirlitt, og svipurinn á því benti á að maðurinn mundi vera mesti þumbari og þrákelknisseggur, svo lítill sem hann var. Þegar dvergurinn hafði lokið rannsókninni á sjálfum sjer, leit hann litlu, hvössu auguni um fast á Gluck og starði á hann

eina eða tvær mínútur. „Nei, það væri ekki ágætt, Gluck minn góður,“ sagði litli maðurinn.

Þetta var óneitanlega fremur stuttaraleg og formálalítil samræðubyrjun. Vitaskuld mátti búast við að það mundi eiga við þær hugsanir Glucks, er í fyrstu höfðu komið dverginum til að koma með sínar athugasemdir, meðan hann var í deiglunni; en hvað sem það nú var, sem dvergurinn átti við, þá hafði Gluck enga tilhneiging til að fara að koma með nein mótmæli.

„Væri það ekki?“ sagði Gluck, ofur blíðlega og auðmýktarlega.

„Nei“, sagði dvergurinn einbeittlega. „Nei, það væri ekki ágætt.“ Og í sama bili togaði dvergurinn húfuna sína fast niður á augabrýr; svo gekk hann þrjú fet á-

fram, sneri sjer við og gekk svo aptur þrjú fet til baka, og tók fæturna mjög hátt upp og steig mjög hart til jarðar. Við þessa málhvíld fjekk Gluck tíma til að jafna sig ofurlítið, og með því að hann sá enga sjerstaka ástæðu til bera til að vera mjög hræddur við þennan smávaxna gest sinn, og með því að hann fann að forvitnin var að vinna sigur á undraninni, þá dirfðist hann að leggja fyrir gestinn spurningu, sem annars var nokkuð varúðarverð.

„Fyrirgefið þjer, herra“, sagði Gluck, og hikaði sig æði mikið, „voruð þjer kannan mín?“

Við þá spurningu sneri litli maðurinn sjer við snúðuglega, gekk fast að Gluck, og teygði úr sjer eptir því sem honum var framast unnt. „Jeg“, sagði litli maðurinn

„er kóngurinn í Gullá“. Svo sneri hann sjer við af nýju, og gekk fram og aptur ein sex fet, til þess að undranin út af þessari yfirlýsing skyldi geta sljákkað nokkuð í huga áheyrandans. Svo gekk hann aptur að Gluck og stóð þar kyrr, eins og hann vænti eptir einhverri athugasemd við þessa tilkynningu.

Gluck afrjeð að segja eitthvað, hvað sem af því kynni að hljótast. „Jeg vona yðar hátign sje við góða heilsu,“ sagði Gluck.

„Hlustaðu nú á!“ sagði litli maðurinn; hann virti ekki þessa kurteislegu fyrirspurn svars. „Jeg er kóngur yfir ánni, sem þið mennirnir kallið Gullá. Fyrir illgirni annars veldugri kóngs hef jeg verið í þeirri mynd, sem þú hefur hingað til sjeð mig í, og nú hefur þú frelsað mig úr álögum hans. Jeg

hef sjeð framferði þitt, og hvernig þú hefur hagað þjer við illmennin bræður þína, og þess vegna er jeg fús á að gera þjer greiða; hlustaðu því á það sem jeg segi þjer. Hver sem klifrar upp á fjallsbrúnina, sem þú sjer Gullá steypast ofan af, og kastar þremur dropum af helgu vatni í ána við upptök hennar. fyrir hann, og hann einn, skal áin breytast í gull. En engum, sem mistekst í fyrsta skipti, skal takast nein slík tilraun síðar; og ef einhver kastar vanhelgu vatni í ána mína, þá skal hún skella yfir hann, og hann skal breytast í svartan stein.“ Að svo mæltu sneri kóngurinn úr Gullá sjer við, og gekk stillilega inn í miðjan logann í bræðsluofninum. Hann varð rauður, hvítur, gagnsær, skínandi — líkt og ofsabjartur logi — hófst

upp, skalf og hvarf. Kóngurinn úr Gullá hafði gufað upp í loptið.

„Ó!“ hrópaði Gluck veslingur, hljóp að skorsteininum og horfði upp eptir honum á eptir kónginum; „ó, hamingjan, hamingjan, hamingjan góða! kannan mín! kannan mín! kannan mín!“

III KAPÍTULI

HVERNIG HANS LAGÐI AF STAÐ TIL GULLÁR, OG HVERNIG HONUM GEKK FERÐIN.

Óðara en kóngurinn úr Gullá var farinn út úr húsinu á þann einkennilega hátt, sem frá er skýrt í síðasta kapítula, komu þeir Hans og Schwartz inn með hávaða miklum, blindfullir. Þegar þeir komust að því, að þeir hefðu algerlega misst sinn síðasta borðbúnaðarmun, rann svo mikið af þeim, að þeir gátu staðið yfir Gluck einn fjórðung stundar og lamið hann í sífellu

allan þann tíma; þegar sá tími var útrunninn, ljetu þeir fallast niður á sinn stólinn hvor, og vildu fá að vita, hverja vörn Gluck hefði fram að færa. Gluck sagði þeim sögu sína, og þeir trúðu, vitaskuld, ekki einu einasta orði. Þeir börðu hann aptur, þangað til þeir voru orðnir þreyttir í handleggjunum, og svo stauluðust þeir í rúmið. En um morguninn stóð Gluck svo staðfastlega við sögu sína, að þeim lá við að fara að trúa honum; og afleiðingin af því varð þegar í stað sú, að tveir eldri bræðurnir fóru að jagast um, hvor þeirra ætti að freista hamingjunnar fyrr; um það rifust þeir lengi, þangað til þeir drógu sverð sín úr sliðrum og fóru að berjast. Nágrannarnir heyrðu ólætin, gátu ekki stillt til friðar og sendu því eptir lögregluþjóninum.

Þegar Hans heyrði það, tókst honum að komast undan og fela sig; en Schwartz var leiddur fyrir dómara og sektaður fyrir friðarspjöll, og með því að hann hafði drukkið út sinn síðasta skilding kveldinu áður, var honum varpað í dýflissu, og skyldi hann sitja þar, þangað til hann borgaði sektina.

Hans varð stórglaður, þegar hann frjetti þetta, og rjeð af að leggja tafarlaust af stað til Gullár. En hann vissi ekki, hvernig hann átti að ná í heilagt vatn. Hann fór til prestsins, en presturinn gat ekki gefið það jafn-vondum manni. Svo fór Hans til aptansöngs um kveldið, í fyrsta sinni á æfi sinni, og þegar hann þóttist vera að gera krossmark fyrir sjer, stal hann sopakorni af vígðu vatni, sneri svo heim og var hróðugur.

Morguninn eptir fór hann á fætur fyrir sólaruppkomu, ljet vígða vatnið í sterka flösku, stakk tveimur vínflöskum og nokkru af keti niður í körfu, fleygði körfunni á bak sjer, tók fjallgöngustaf sjer í hönd og lagði af stað til fjallanna.

Leið hans út úr bænum lá fram hjá dýflissunni, og hvern mundi hann sjá, þegar hann leit inn um fangelsisgluggann, nema Schwartz bróður sinn; hann var að gægjast út á milli járnslánna, og var mjög dapur í bragði.

"Góðan daginn, bróðir", sagði Hans; "á jeg að skila nokkru fyrir þig til kóngsins í Gullá?"

Schwartz nísti tönnum af vonzku og rykkti í járnslárnar af öllum mætti; en Hans gerði ekki nema hló að honum og ráðlagði honum

að vera rólegur í fangelsinu, þangað til hann kæmi aptur, lagði svo körfuna aptur á bak sjer, hrissti flöskuna með vígða vatninu fyrir framan augun á Schwartz, þangað til froða var komin ofan á það, og lagði svo af stað í allra frægasta skapi.

Slíkur morgun hefði sannarlega getað gert hverjum manni glatt í skapi, þó að hann hefði ekki verið á leiðinni til neinnar Gullár. Eptir láglendi dalsins lágu þokurákir, og upp úr þeim rákum stóðu fjöllin, há og þunglamaleg— á lægri hömrunum hvíldu gráfölir skuggar, og var naumast unnt að greina þá hamra frá þokuslæðingnum; en smámsaman hækkuðu fjöllin, þangað til þau náðu upp í sólarljósið, sem varpaði fagurrauðum ljóma yfir marghyrnda klettana, og skarst í löngum, lárjettum

geislum gegn um raðirnar af þráðbeinum furutrjánum, sem kring um klettana voru. Langt fyrir ofan sáust sundurlausir hamra-strókar, sem höggvizt höfðu og molazt sundur, þangað til þeir höfðu tekið á sig ótölulegar, undarlegar hrikamyndir, og lágu hjer og þar ofan eptir þeim hvítir snjóskaflar líkt og klofnar eldingarákir; og miklu lengra burt, og langt fyrir ofan allt þetta, sáust efstu jökultindarnir óglöggvara en morgunskýin, en liturinn á þeim var hreinni, og sváfu þeir tilbreytingarlausir uppi í bláu himinhvolfinu.

Gullá hafði upptök sín á einum af lægri og snjólausu hæðunum, og bar enn skugga á hana nær því alla; sólin skein að eins efst á úðann, sem stóð eins og hægfara reykur upp af fossinum, og leið burt í örþunnum slæðum í morgungolunni.

Hans horfði á og hugsaði um ána, og ekkert annað en hana; hann gleymdi því, hve langa leið hann átti fyrir höndum, og byrjaði ferð sína með því að fara ógætilega hart; hann var því orðinn mjög þreyttur áður en hann var kominn upp á brúnirnar á grænu hæðunum, sem neðstar voru. Hann varð auk þess forviða, þegar hann kom þangað upp, því að þar varð fyrir honum jökulbreiða mikil, sem hann hafði enga hugmynd haft um áður, og var hann þó kunnugur á fjöllunum. Hann var fjallgöngum vanur, og því lagði hann hugrakkur út á jökulinn; en aldrei á æfi sinni fannst honum hann hafa farið um svo undarlegan nje hættulegan jökul. Ísinn var frámunalega háll, og upp úr hverri einustu sprungu heyrðist ægilegur vatnsniður; og niðurinn var ekki

þulbaldalegur nje lágur, heldur breytilegur og háværr; stundum var hann líkur pörtum úr einhverjum æðislegum sönglögum, og breyttist svo allt í einu og varð að stuttum, þunglyndislegum tónum, eða snöggum ópum, líkt og þegar menn æpa í raunum eða þjáningu. Ísinn var brotinn sundur í þúsundir stykkja með mjög óreglulegri lögun, en Hans fannst ekki neitt þeirra líkjast brotnum ís, eptir því sem hann er vanur að vera. Honum sýndist undarlegur *svipur* á þeim öllum — allt virtist honum líkjast mannsandlitum, afskræmdum og fullum af fyrirlitning. Ótölulegir svikaskuggar og draugalegir ljósglampar flögruðu um og gegn um bláföla ísstrókana og glöptu ferðamanninum sýn; og hann fjekk hellu fyrir eyrun og svima yfir höfuðið af þess-

um sífelda nið og óhljóðum í vatninu, sem hvergi sást. Allt af versnaði eptir því sem hann hjelt lengra áfram; það brakaði í ísnum og nýjar sprungur lágu gínandi fyrir fótum hans, skjálfandi strókar kinkuðu kolli allt í kring um hann, og ultu um með brestum og braki þvert yfir leiðina, sem hann var að fara; og þó að hann hefði hvað eptir annað verið í slíkum hættum á voðalegustu jöklum og í verstu veðrum, þá kenndi hann nýrrar, lamandi skelfingar-tilfinningar, þegar hann stökk yfir síðustu sprunguna, og fleygði sjer niður, örmagna og titrandi, á fastan grassvörðinn.

Hann hafði neyðzt til að skilja eptir matarkörfu sína, því að hún hafði verið honum til hættulegs trafala á jökulbreiðunni, og hann hafði ekkert að hressa sig á nema

klakamola, sem hann braut úr jöklinum og át. En þeir svöluðu þorsta hans; og þegar hann hafði hvílt sig eina klukkustund, hafði hann náð sjer alveg aptur, því að hann var hraustur maður; og svo hjelt hann þessari örðugu ferð áfram með sama óhemjulega ágirndar-huganum eins og áður.

Leið hans lá nú upp eptir berum, rauðum klappa-hrygg, og var þar ekkert einasta strá, er gerði mýkra undir fæti, og enginn skúti, er gæfi þumlungsstóran forsælublett. Það var komið yfir hádegi, sólargeislarnir gerðu þennan bratta stíg glóðheitan, og loptið var hræringarlaust og sólbakað. Ákafur þorsti bættist innan skamms ofan á þreytuna, sem Hans varð nú að þola; hvað eptir annað leit hann á vatnsflöskuna, sem hjekk við belti hans. "Þrír

dropar eru nóg," hugsaði hann loksins með sjálfum sjer „að minnsta kosti er mjer óhætt að kæla varirnar í vatninu."

Hann opnaði flöskuna, og var að bera hana upp að vörunum, þegar honum varð litið á nokkuð, sem lá á klöppunum við hlið hans; honum sýndist það hreyfast. Það var ofurlítill hundur, sem sýndist vera í andarslitrunum af þorsta. Tungan lafði út, kjapturinn var þurr, limirnir teygðust líflausir út frá bolnum, og hópur af svörtum maurum var að skríða um trýnið. Hann renndi augunum til flöskunnar, sem Hans hjelt á. Hans bar hana upp að munninum, drakk úr henni, sparkaði í kvikindið með fætinum, og hjelt áfram. Og hann vissi ekki, hvernig á því stóð, en honum fannst

undarlegum skugga allt í einu bregða yfir bláan himininn.

Stígurinn varð brattari og ógreiðfærari með hverju augnabliki; og það var eins og loptið þar uppi í háfjöllunum hleypti sjúkdómsólgu í blóð hans, í stað þess að hressa hann. Það var eins og fossarnir í fjöllunum væru að stríða honum með nið sínum; þeir voru allir langt í burtu, og þorsti hans óx með hverju augnabliki. Önnur klukkustund leið, og aptur leit hann niður á flöskuna við hlið sjer; hún var hálf-tóm, en það var miklu meira en þrír dropar í henni. Hann nam staðar til þess að opna hana, og aptur sá hann eitthvað hrærast á stígnum fyrir ofan sig um leið og hann gerði það. Það var fallegt barn, sem lá á melnum endilangt, nær því líflaust; brjóstið gekk upp

og niður af þorsta, augun voru lokuð, og varirnar voru skraufþurrar og brennandi heitar. Hann virti barnið vandlega fyrir sjer, drakk úr flöskunni og hjelt áfram. Og dökkgráu skýi brá fyrir sólina, og langir, höggormslegir skuggar skriðu upp eptir fjallinu. Hann streittist við að halda áfram. Sólin var farin að lækka á lopti, en það var eins og ekkert yrði svalara fyrir það. Loptið þrýsti hræringarlaust og blýþungt að augabrúnum hans og hjarta, en nú var takmarkið nærri. Hann sá, hvar fossinn í Gullá steyptist fram af fjallsbrúnni, tæp fimm hundruð fet fyrir ofan hann. Hann nam staðar eitt augnablik til þess að ná andanum, og þaut svo af stað til þess að ljúka erindi sínu.

Á sama augnabliki barst veikt

hljóð að eyrum hans. Hann sneri sjer við og sá gráhært gamalmenni liggja endilangt á klettunum. Augun voru sokkin, andlitið náfölt og örvæntingar-svipur á því. "Vatn!" hrópaði karlinn með veikri rödd og rjetti handleggina út á móti Hans; "vatn! jeg er að deyja."

"Jeg hef ekkert vatn," svaraði Hans; "þú ert búinn að hafa þinn hlut af lífinu." Hann steig yfir karlinn og þaut áfram. Og í austri kom fram glampi af blárri eldingu, sem var eins og sverð í laginu; þrisvar sinnum titraði hann um allan himininn, og svo brá fyrir kolsvörtum skugga. Sólin var að setjast; hún steypti sjer niður að sjóndeildarhringsbrúninni eins og eldrauður hnöttur.

Niðurinn í Gullá ljek um eyrun á Hans. Hann stóð á brúninni

að gili því sem áin rann í. Á öldum hennar ljek dýrðarroði sólsetursins; þær skóku toppa sína líkt og eldtungar, og blóðlituðum ljósglömpum brá fyrir á froðunni. Niður þeirra verkaði á Hans með sterkara og sterkara afli; hann fjekk svima af þessum sífellda þrym. Skjálfandi dró hann flöskuna frá belti sjer og þeytti henni út í miðja ána. Um leið og hann gerði það fór ískaldur hrollur um limi hans; hann kiknaði, rak upp hljóð og hneig niður. Vatnið laukst saman yfir ópi hans. Og æðislegar stunur bárust út í náttmyrkrið frá ánni, er hún rann yfir

SVARTA STEININN.





IV. KAPÍTULI.

HVERNIG SCHWARTZ LAGÐI AF STAÐ TIL GULLÁR, OG HVERNIG HONUM GEKK FERÐIN.

Gluck litli veslingurinn beið mjög ópreyjufullur aleinn í húsinu eptir því að Hans kæmi heim aptur. En þegar Hans kom ekki, varð Gluck óttalega hræddur, og fór til dýflissunnar og sagði Schwartz allt, er gerzt hafði. Schwartz þótti undur vænt um að heyra þetta, og sagði að Hans hefði sjálfsagt verið breytt í svartan stein, og nú gæti hann sjálfur náð í allt gullið. En

Gluck var sárhryggur og grjet alla nóttina. Þegar hann fór á fætur morguninn eptir, var ekkert brauð til í húsinu, og ekki heldur neinir peningar; Gluck fór því og kom sjer fyrir hjá öðrum gullsmið, og hann lagði svo mikið á sig, vann svo lengi á hverjum degi, og leysti verk sitt svo vel af hendi, að hann hafði innan skamms komizt yfir svo mikla peninga, að hann gat borgað sekt bróður síns, og svo fór hann og fjekk Schwartz alla peningana og Schwartz komst út úr dýflissunni. Schwartz var því ósköp feginn og sagði að Gluck skyldi fá eitthvað af árgullinu. En Gluck bað hann að eins fara og vita, hvað orðið hefði um Hans.

Þegar nú Schwartz heyrði að Hans hefði stolið helga vatninu, þá datt honum í hug, að ske kynni,

að kónginum í Gullá gætist ekki alls kosta vel að slíkri aðferð, og hann ásetti sjer að koma ár sinni betur fyrir borð. Hann tók því nokkuð af peningum Glucks og fór til pokaprests eins, og presturinn ljet hann umyrðalaust fá vígt vatn fyrir peningana.

Schwartz þóttist þá viss um að ekkert yrði að vatninu fundið. Svo fór hann á fætur snemma morguns fyrir sólaruppkomu, stakk dálitlu af brauði og víni ofan í körfu, ljet vígða vatnið í flösku, og lagði af stað til fjallanna. Honum fór eins og bróður hans, að hann varð steinhissa, þegar hann sá jökulbreiðuna, og honum veitti mjög örðugt að að komast yfir hana, jafnvel eptir það að hann hafði skilið körfuna eptir. Engin ský voru á lopti, en þó var ekki bjart uppi yfir; loptið

var þungt, purpurarautt og þámað og hæðirnar voru skuggalegar og dapurlegar ásýndum. Og þegar Schwartz var að klifra upp bratta klappa-hrygginn, sótti á hann þorsti, eins og á bróður hans, þangað til hann bar flöskuna upp að vörum sjer til að drekka úr henni. Þá sá hann fallegt barn liggja rjett hjá sjer á klöppunum, og það grjet framan í hann og bað stynjandi um vatn.

„Vatn! ekki nema það þó!“ sagði Schwartz; „jeg hef ekki helming af því vatni, sem jeg þarf sjálfur á að halda“, og svo hjelt hann áfram. Og á leiðinni fannst honum sólargeislarnir verða dimmri, og hann sá lágan, dökkan skýjabakka koma upp í vestri; og þegar hann hafði klifrað upp eptir hryggnum eina klukkustund enn, fór þorst-

inn aptur að ásækja hann, og hann ætlaði að fá sjer að drekka. Þá sá hann gamalmennið liggja fyrir framan sig á stignum, og heyrði það biðja veinandi um vatn. „Vatn! ekki nema það þó!“ sagði Schwartz, „jeg hef ekki helming af því vatni, sem jeg þarf sjálfur á að halda“, og svo hjelt hann áfram.

Þá var aptur eins og ljósið dofnaði fyrir augum hans, og hann leit upp, og sjá, blóðlituð þoka hafði lagzt yfir sólina; og skýjabakkinn dökki var orðinn hár mjög, og randirnar á honum slengdust fram og aptur og byltu sjer líkt og öldur á æstum sjó. Og langir skuggar köstuðust frá skýjabakkananum, og flögruðu um stiginn, sem Schwartz gekk eptir.

Schwartz klifraði svo upp eptir stignum eina klukkustund enn, og

aptur fór þorstinn að kvelja hann; og þegar hann bar flöskuna upp að vörum sjer, fannst honum hann sjá Hans bróður sinn liggjandi örmagna á stignum fyrir framan sig; Schwartz starði á þessa sýn, og þá teygði hún handleggina út á móti honum, og bað veinandi um vatn. Schwartz rak upp hlátur. „Ha, ha, ert þú þar kominn? Munu eptir járnslánum í fangelsis-glugganum, drengur minn. Vatn! ekki nema það þó! ímyndarðu þjer, að jeg hafi borið það alla þessa leið hingað upp eptir handa *þjer*?“ Og hann steig yfir líkama bróður síns; en um leið fannst honum hann sjá undarlegan hæðnissvip á vörum hans. Og þegar hann hafði gengið fáeina faðma áfram, leit hann aptur; en þá var sýnin horfin.

Og allt í einu varð Schwartz

gripinn af skelfingu, hann vissi ekki hvers vegna; en gullþorstinn bar hræðslu hans ofurliði, og hann þaut áfram. Og dökki skýjabakkinn komst upp á miðjan himininn, og út úr bakkanum skutust eldingaglampar, og milli leipturglampanna var eins og myrkurbylgjur belgdust upp og rynnu um allan himininn. Og þar sem sólin var að setjast, var himininn líkur sljettu stöðuvatni úr blóði; og sterkur vindur kom út úr þeim hluta himinsins, sleit rauðu skýin sundur í smáagnir, og þeytti þeim á víð og dreif langt inn í sortann. Og þegar Schwartz stóð á gilbarminum við Gullá, voru öldur hennar svartar, eins og þrumuský, en froðan ofan á þeim var eins og eldur; og orgið í vatninu fyrir neðan hann og þrumuhljóðið fyrir ofan hann rákust hvort á annað, þegar hann

fleygði flöskunni út í ána. Og um leið og hann gerði það, glampaði leiptur fyrir augum hans, og jörðin opnaðist undir fótum hans, og vatnið laukst saman yfir ópi hans. Og æðislegar stunur bárust út í náttmyrkrið frá ánni, er hún rann yfir

TVO SVÖRTU STEINANA.





V. KAPÍTULI.

HVERNIG GLUCK LITLI LAGÐI AF STAÐ TIL GULLÁR, OG HVERNIG HONUM GEKK FERÐIN; ÁSAMT ÖÐRUM MERKILEGUM ATBURÐUM.

Þegar Gluck sá, að Schwartz kom ekki aptur, þ´tti honum mjög fyrir, og hann vissi ekki, hvað hann átti að gera af sjer. Hann var peningalaus, og varð að fara aptur í vinnu til gullsmiðsins. Gullsmiðurinn ljet hann vinna hart, og borgaði honum mjög lítið kaup. Eptir einn eða tvo mánuði varð svo Gluck þreyttur á þessu og rjeð af að

fara og freista hamingju sinnar við Gullá. „Litli kóngurinn var undur ástúðlegur,“ hugsaði hann með sjálfum sjer. „Jeg held ekki, að hann breyti mjer í svartan stein“. Svo fór hann til prestsins, og presturinn gaf honum dálítið af vígðu vatni óðara og hann mæltist til þess. Svo ljet Gluck dálítið af brauði í körfu sína og vatnsflöskuna, og lagði svo af stað mjög snemma dags til fjallanna.

Þó að jökullinn hefði þreytt bræður hans til muna, þá varð hann Gluck tuttugu sinnum örðugri, því að hvorki var hann eins sterkbyggður nje eins vanur við fjallgöngur. Hann fjekk ýmsar illar byltur, missti körfuna sína og brauðið, og var ósköp hræddur við undarlega hávaðann undir ísnum. Lengi lá hann og hvíldi sig á grasinu, eptir að

hann hafði komizt yfir jökulbreiðuna, og svo fór hann að klifra upp hæðina, og var það um þann hluta dags, sem allra-heitast var. Þegar hann hafði klifrað þannig eina klukkustund, varð hann óttalega þyrstur, og ætlaði að fara að drekka eins og bræður hans; en þá sá hann gamlan mann koma ofan stíginn fyrir ofan sig; karlinn var lasburða mjög að sjá og studdist við staf. „Sonur minn,“ sagði gamli maðurinn, „jeg er að hníga niður af þorsta; gefðu mjer dálítið af vatninu þínu.“ Gluck leit á hann, og þegar hann sá, hve fölur hann var og þreytulegur, þá fjekk hann honum vatnið. „En gerðu það fyrir mig, drekktu það ekki allt,“ sagði Gluck. Gamli maðurinn drakk töluvert mikið og fjekk honum svo aptur flöskuna, og var þá ekki ept-

ir nema þriðjungur vatnsins. Svo óskaði hann honum góðrar ferðar, og Gluck hjelt áfram glaður í hug. Og vegurinn varð greiðfærari, og tvö eða þrjú grasstrá sáust fram með honum og nokkrar engisprettur fóru að syngja á bakkanum utan við veginn; og Gluck fannst, hann hefði aldrei heyrt svo glaðlegan söng.

Svo hjelt hann áfram aðra klukkustund, og þorsti hans óx svo mjög, að honum fannst hann vera nauðbeygður til að súpa á flöskunni. En þegar hann lypti flöskunni upp að munninum, sá hann lítið barn liggja stynjandi hjá veginum; það grjet aumkvunarlega og bað um vatn. Þá stríddi Gluck við sjálfan sig, og afrjeð að þola þorstann dálítið lengur; og hann ljet flöskuna að vörum barnsins, og

það drakk og skildi að eins eptir fáeina dropa. Þá brosti það framan í hann, stóð upp og hljóp ofan hæðina; og Gluck horfði á eptir því, þangað til það var orðið eins lítið eins og ofurlítil stjarna, og svo sneri hann sjer við, og fór aptur að klifra upp eptir hæðinni. Og þá sá hann alls konar yndisleg blóm, sem greru þar á klöppunum, fagurgrænan mosa með bleikrauðum blómum, líkum stjörnum, og mjúka, klukkumyndaða maríuvendi, blárri en himininn, þegar hann er mest fagurblár, og skærar, gagnsæjar liljur. Og lifrauð og purpurarauð fiðrildi flögruðu fram og aptur, og himininn hellti svo skæru ljósi yfir jörðina, að Gluck hafði aldrei fundizt hann vera svo sæll alla sína æfi.

En þegar hann hafði klifrað

upp eptir hæðinni aðra klukkustund varð þorstinn aptur óþolandi; og þegar hann leit á flöskuna sína, sá hann að ekki voru eptir í henni nema fimm til sex dropar, og hann mátti því ekki drekka neitt. Þegar hann var að hengja flöskuna aptur í belti sitt, sá hann ofurlítinn hund liggja á klöppunum og varla geta náð andanum — alveg eins og Hans hafði sjeð, þegar hann var á leiðinni upp eptir. Og Gluck nam staðar og leit á hann, og svo á Gullá, sem ekki var fulla tvö hundruð og fimmtíu faðma fyrir ofan hann; og honum duttu í hug orð dvergsins, „að engum tækist að breyta ánni í gull, nema í fyrsta sinni, sem hann reyndi það;“ og hann reyndi að fara fram hjá hundinum, en hann ýlfraði aumkvunarlega, og Gluck nam aptur staðar.

„Aumingja kvikindið,“ sagði Gluck, „hann verður dauður, þegar jeg kem ofan eptir aptur, ef jeg hjálpa honum ekki.“ Svo horfði hann fastara og fastara á hundinn, og hundurinn leit á hann svo sorgbitnum augum, að hann gat ekki staðizt það. „Jeg kæri mig kollóttan bæði um kónginn og gullið hans,“ sagði Gluck; og hann tók tappann úr flöskunni og hellti öllu vatninu ofan í kokið á hundinum.

Hundurinn stökk upp og stóð á apturfótunum. Skottið á honum hvarf, eyrun urðu lengri og lengri, silkimjúk, gullslituð; nefið varð ósköp rautt; hann fór að drepa titlinga í sífellu; eptir þrjár sekúndur var hundurinn horfinn, og frammi fyrir Gluck stóð gamli kunningi hans, kóngurinn úr Gullá.

„Þakka þjer fyrir,“ sagði kóng-

urinn; „en vertu nú ekkert hræddur, það er engin hætta á ferðum;“ því að Gluck sýndi augljós merki þess, að honum fór ekki að verða um sel, þegar hann fjekk þetta óvænta svar upp á síðustu ordin, sem hann hafði látið sjer um munn fara. „Hvers vegna komstu ekki fyrr,“ hjelt dvergurinn áfram, „í stað þess að senda mjer þessa fanta, bræður þína, sem jeg varð að hafa fyrir að breyta í steina? Þeir eru líka orðnir nokkuð harðir steinar, þeir piltar.“

„Hamingjan hjálpi mjer!“ sagði Gluck, „er það satt, að þjer hafið verið svo grimmur?“

„Grimmur!“ sagði dvergurinn; „þeir heltu vanhelgu vatni í ána mína; ímyndarðu þjer, að jeg ætli mjer að leyfa slíkt?“

„Hvað er þetta?“ sagði Gluck,

„jeg er viss um, herra, — yðar hátign, ætlaði jeg að segja — að þeir tóku vatnið úr skírnarfontinum í kirkjunni.“

„Mjög líklegt“, svaraði dvergurinn, og andlit hans varð mjög alvarlegt; „en það vatn, sem synjað hefur verið um, þegar þreyttar og deyjandi verur hafa grátbænt um það, það er vanheilagt, þó að hver einasti dýrlingur í himninum hafi blessað það; og það vatn, sem tekið hefur verið úr keri miskunnseminnar, það er heilagt, þó að það hafi verið saurgað með beinum dauðra manna.“

Um leið og dvergurinn sagði þetta, laut hann niður og sleit upp lilju, sem óx við fætur hans. Á hvítu blöðunum hennar hjengu þrír dropar af skærri dögg. Og dvergurinn hrissti þá niður í flöskuna,

sem Gluck hjelt í hendi sjer. „Fleygðu þessum dropum út í ána“, sagði hann, og farðu svo ofan af fjöllunum hinum megin, ofan í Auðæfadalinn. Og gangi þjer vel.“

Um leið og dvergurinn sagði þetta, fór hann að sjást óglöggt. Skrautlegu litirnir á skykkjunni hans urðu að marglitri móðu af döggkenndu ljósi; eitt augnablik stóð hann vafinn í þessu ljósmistri, eins og utan um lægi breitt regnboga-belti. Litirnir urðu óskýrir, móðan lyptist upp í loptið; kóngurinn hafði gufað upp.

Og Gluck klifraði upp á bakka Gullár, og öldur hennar voru skærar eins og kristall og glampandi eins og sólin. Og þegar hann kastaði daggardropunum þremur út í ána, þá opnaðist ofurlítil hringiða þar sem þeir komu niður, og

svo fjell árvatnið ofan í iðuna með fögrum glaum.

Gluck stóð og horfði á nokkra stund, og þótti vonir sínar rætast mjög illa, því að það var ekki nóg með það að áin breyttist ekki í gull, heldur sýndist vatnið minnka mjög í henni. Samt hlýddi hann vini sínum, dverginum, og fór hinum megin ofan af fjöllunum, ofan í Auðæfadalinn; og á leiðinni þóttist hann heyra til vatns, sem var að ryðja sjer braut niðri í jörðinni. Og, sjá, þegar hann leit Auðæfadalinn augum, þá streymdi á, sem líktist Gullá, fram úr nýrri rauf í hömrunum fyrir ofan dalinn og flóði í óteljandi lækjum innan um þurru, rauðu sandhrúgurnar.

Og þegar Gluck fór að stara kring um sig, sá hann nýtt gras þjóta upp fram með nýju lækjun-

um og umfeðmingsplöntur vaxa í hlykkjum í raka jarðveginum. Ung blóm breiddu allt í einu sundur blöð sín beggja megin við ána, eins og stjörnur koma fram á himninum þegar rökkva tekur, og myrtusrunnar og vínviðarteiningar köstuðu löngum skuggum yfir dalinn jafnframt því sem þeir uxu upp. Og þannig varð Auðæfadalurinn aptur að aldingarði, og arfleifðin, sem tapazt hafði fyrir miskunnarleysi, hafði aptur unnizt með kærleikanum.

Og Gluck fór og settist að í dalnum, og fátæklingarnir voru aldrei reknir frá húsdyrum hans; svo að hlöður hans urðu fullar af korni, og hús hans varð fullt af auðæfum. Og fyrir hann hafði áin orðið gullá, eins og dvergurinn hafði lofað.

Og allt fram á þennan dag

sýna íbúar dalsins stað þann, þar sem þremur dropunum af hinni helgu dögg var kastað út í ána, og rekja farveg Gullár niðri í jörðinni uns hún kemur fram í Auðæfadalnum. Og efst í fossinum í Gullá sjást enn *tveir svartir steinar*, og niðar vatnið hátt og raunalega kring um þá á degi hverjum um sólsetursleytið; og þessa steina kalla dalbúarnir enn í dag

Svörtu Bræðurna.